

Sp. 368. Þingsályktun

um fasteignakaup til handa ríkinu.

(Afgreidd frá Sp. 2. apríl).

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fyrir fé úr ríkissjóði goshverinn Grýtu í Ölfusi, ásamt meðfylgjandi lóð, fyrir það verð, er um semst, eða eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að kaupa, fyrir fé úr ríkissjóði eða kirkjujarðasjóði, jörðina Skálholt í Biskupstungum, fyrir það verð, er um semst, eða eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.